

Ámundi:

11. 3. – 31. 5. 2015

Miðvikudaginn 11. mars kl. 18 verður opnuð yfirlitssýning á verkum grafíska hönnuðarins Ámunda Sigurðssonar í Hönnunarsafni Íslands.

Á 30 ára ferli hefur Ámundi Sigurðsson unnið við nánast öll þau verkefni sem grafískum hönnuðum eru falin við sjónræna miðla. Í verkum Ámunda má greina stílsögu síðustu áratuga ásamt þeim andstæðum sem hægt er að tengja togstreitunni að vera undir valdi listgyðjunnar og að skapa grípandi myndmál.

Framlag Ámunda til íslensks sjónmenntaarfs er viðamikl. Verk hans eru mörg hver áberandi, hvort sem þar er um að ræða bækur sem hann hefur sett upp og hannað eða firmamerki og auglýsingaherferðir stórfyrirtækja.

Samstarf hans við marga af okkar þekktustu myndlistar- og tónlistarmönnum hefur ekki fyrr en nú verið sett fram þannig að við förum að gæta að þeim sköpunarmætti sem grafíski hönnuðurinn býr yfir, því sýningar á grafískum hönnuðum hafa til þessa verið harla fáar.

Á sýningunni er aðeins lítið brot af þeim verkefnum sem Ámundi hefur unnið á ferli sínum. Sumt náði ekki hylli viðskiptavinarins, en var valið á sýninguna undir formerkjum þess sköpunarkrafts sem einkennir alla vinnu Ámunda, hina eilífu leit.

Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson mun opna sýninguna. Sýningin er framlag Hönnunarsafnsins á HönnunarMars 2015.

Safnið er opið alla daga, nema mánudaga frá kl. 12-17.

Verslunin Kraum á jarðhæð býður fjölbreytt úrval íslenskrar hönnunar og bókaútgáfur Hönnunarsafnsins og tímarit um hönnun fást á góðu verði.

Verið velkomin!

**HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS**
MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART

Garðatorg 1
210 Garðabær • Iceland
Tel. (354) 512 1525, 512 1526
honnunarsafn@honnunarsafn.is
www.honnunarsafn.is



THE LADY

